



## Fundur í Skólaráði Víkurskóla

**13. mars 2025 klukkan 14:30**

### Mættir eru:

Elín Einarsdóttir, skólastjóri, Sabína Victoría Reinholdsdóttir, grunnskólakennari og Sif Hauksdóttir, fulltrúar kennara, Íris Anna Orradóttir fulltrúi nemenda, Andri Berg Jóhannsson fulltrúi nemenda og Berglind Másdóttir fulltrúi starfsmanna

Fulltrúar foreldra mættu ekki á fundinn og ekki hefur verið kosinn fulltrúi grenndarsamfélags.

**Elín Einarsdóttir, skólastjóri, stýrði fundinum.**

### Dagskrá:

#### **Niðurstöður úr Skólapúlssi nemenda í 2. – 5. bekk (nóvember 2024)**

Elín kynnti niðurstöður Skólapúlssins, en svörun var mjög góð. Niðurstöður benda meðal annars til þess að ánægja af lestri hafi dalað og að nemendum líði ekki nægjanlega vel.

Unnið hefur verið markvisst með þessa þætti innan skólans – úrbótaáætlun hefur verið sett í framkvæmd.

#### **Niðurstöður úr Skólapúlssi nemenda í 6. - 10. bekk**

Elín kynnti niðurstöður Skólapúlssins fyrir eldri nemendum. Þar kom meðal annars fram að:

- Stærðfræðiáhugi og geta hafa dvínað.
- Trú á eigin námsgetu hefur minnkað og einelti er enn til staðar í skólanum.
- Þrautsegja í námi hefur aukist frá fyrri könnun.
- Ánægja með lestur hefur hækkað lítillega.

Unnið hefur verið markvisst með þessa þætti innan skólans og úrbótaáætlun hefur verið sett í framkvæmd.

## **Skóladagatal 2025-2026 - drög kynnt**

Elín kynnti drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Þar má nefna að:

- Skólastarf nemenda hefst 25. ágúst.
- Fyrsti starfsdagur kennarar verður 10. október en þann dag verður haustþing kennara
- Jólaleyfi hefst 19. desember og lýkur 6. janúar.
- Árshátíð Víkurskóla verður 25. mars.
- Skólaslit verða 29. maí.

Kenndir verða 175 dagar, auk tveggja tvöfalda daga.

Drög að skóladagatali voru samþykkt.

## **Erasmus+ nemendaferð kynnt**

Formenn nemendaráðs, Andri og Íris, kynntu Erasmus+ ferð sem farin var til Póllands dagana 7. - 17. febrúar. Kynningin var afar áhugaverð og vel framsett.

## **Önnur mál**

- Aðalnámskrá grunnskóla hefur verið endurskoðuð. Á starfsdögum stendur til að vinna að innleiðingu hennar.
- Smíðakot Grunnskólans mun fara í annað hlutverk á vordögum, en til stendur að húsið fari á golfvöllinn.
  - Fyrst verður komið fyrir bráðabirgðalausn í gámum austan megin við skólann.
  - Til stendur að byggja nýja aðstæðu á næstu misserum.

Fundinum var slitið 15:20

Fundargerð rituð af Sif Hauksdóttur